

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar, nr. 977/2000.

1. gr.

Við 48. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og er svohljóðandi:

Byggðarráð gegnir störfum húsnæðisnefndar skv. 6. gr. húsnæðislaga, nr. 44/1998, með síðari breytingum, rekstrarnefndar félagsheimila, rekstrar- og framkvæmdanefndar Laugaskóla og stjórnar Silfurtúns.

2. gr.

B-liður 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

1. *Félagsmálanefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með stjórn og framkvæmd félagsþjónustu í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum. Félagsmálanefnd annast einnig störf jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000. Félagsmálanefnd annast tengsl við barnaverndarnefnd enda sé samið um samstarf við annað/önnur sveitarfélög um starf barnaverndarnefndar skv. 10. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.
2. *Fræðslunefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fræðslunefnd gegnir störfum skólanefnda allra skóla sveitarfélagsins skv. 12. og 13. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum, 9. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994, með síðari breytingum, og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, með síðari breytingum. Nefndin fjallar einnig um fræðslumál almennt og skipar fulltrúa í fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.
3. *Umhverfismálanefnd*: Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um umhverfismál, samgöngumál, brunavarnir og veitumál skv. 2. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004. Hún gegnir störfum skipulags- og byggingarnefndar skv. 6. og 7. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, með síðari breytingum og umferðarnefndar skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. landgræðslulaga, nr. 17/1965, með síðari breytingum og náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum, nr. 44/1999, með síðari breytingum.
4. *Safna- og menningarmálanefnd*: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar sem stjórn Héraðsbókasafns Dalasýslu skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 36/1997, með síðari breytingum, fer með málefni annara safna í eigu sveitarfélagsins og fjallar almennt um menningarmál.
5. *Fjallskilanefndir*, átta talsins: Þrír menn í hverri nefnd og jafnmargir til vara. Nefndirnar eru: Fjallskilanefnd Skógarstrandar, fjallskilanefnd Suðurdala, fjallskilanefnd Haukadals, fjallskilanefnd Laxárdals, fjallskilanefnd Hvammssveitar, fjallskilanefnd Fellsstrandar, fjallskilanefnd Skarðsstrandar og fjallskilanefnd Saurbæjar. Þær starfa skv. 1. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.
6. *Kjörstjórnir við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar* skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998. Kjörstjórn vesturkjördeildar: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjörstjórn suðurkjördeildar: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Yfirkjörstjórn: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.

7. *Skoðunarmenn*: Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Skoðunarmenn starfa skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
8. *Fulltrúi á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*: Einn aðalmaður og einn til vara skv. 4. gr. laga sambandsins.
9. *Fulltrúi í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*: Einn aðalmaður og einn til vara skv. 9. gr. laga um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, nr. 68/1994.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 14. ágúst 2006.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. september 2006